

Reykjavík 23. apríl 2014

Póst- og fjarskiptastofnun
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Efni: Umræðuskjal PFS um framtíðarfyrirkomulag alþjónustu varðandi þá skyldu innan alþjónustu, að útvega tengingu við almenna fjarskiptanetið.

Vísað er til umræðuskjals Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) um framtíðarfyrirkomulag varðandi þá skyldu innan alþjónustu að útvega tengingu við almenna fjarskiptanetið sem birt var á heimasíðu PFS þar sem óskað er eftir viðbrögðum allra hlutaðeigandi. Veittur var frestur til að skila athugasemdum til 23. apríl 2014.

1. Inngangur

1.1. Lagaumhverfi og hvati til fjárfestinga

Eins og fram kemur í inngangi Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) þá er eitt af verkefnum PFS að ákvarða umfang alþjónustu hér á landi og útnefna alþjónustuveitanda. Er það gert á grundvelli laga um póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003, laga um fjarskipti nr. 81/2003, og reglugerðar um alþjónustu á sviði fjarskipta nr. 1356/2007 auk þess sem PFS kveðst horfa til tilskipunar nr. 2002/22/EC um alþjónustu og tilskipunar nr. 2009/136/EC. Síðarnefnda tilskipunin hefur hvorki verið innleidd í íslenskan rétt né EES rétt ef marka má gagnagrunn ESA. Samkvæmt gildandi lögum þá hefur PFS eingöngu lagagrundvöll til þess að mæla fyrir um gagnaflutning allt að 128 kb/s. Af framansögðu leiðir að PFS hefur ekki lagagrundvöll til þess að mæla fyrir um svo víðfemt umfang alþjónustu og leggja á alþjónustuveitanda svo íþyngjandi kvaðir eins og fjallað er um í skjalinu. Míla gerir sér hins vegar grein fyrir að hér er eingöngu um umræðuskjal að ræða til þess að fá fram umræðu um það hvernig best sé að haga málum til þess að ná fram því markmiði stjórnvalda að sem flestir geti haft aðgang að fullnægjandi internetþjónustu í náninni framtíð.

Í þingsályktun um tólf ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011–2022 sem samþykkt var árið 2012 komu fram markmið sem fela í sér að 90% landsmanna eigi kost á 30 Mb/s árið 2014 og 100% árið 2022. Einnig að 70% eigi kost á 100 Mb/s árið 2014, 99% árið 2022. Að auki felur það í sér að 98% landsmanna eigi kost háhraðafarneti árið 2014, 99,9% árið 2022. 80% af landi og hafsvæði kringum landið eigi kost á háhraðafarneti árið 2018. Hins vegar vantar alveg útfærslu á því hvernig Alþingi ætlar að fjármagna þessa fjarskiptaáætlun en óumdeilt er að þessar áætlanir geta ekki orðið að veruleika ef ráðast á í þær eingöngu á markaðsforsendum.

Það er þekkt í Evrópu að hvati til fjárfestinga er lítill sem enginn á fjarskiptamarkaðnum og hefur það leitt af sér ákveðna stöðnun í uppbyggingu á næstu kynslóða netum. Er þetta rakið til þess



að lagaumhverfi er mjög íþyngjandi þar sem hvati til fjárfestinga er ekki til staðar.

1.2. Ljósveita Mílu

Míla sinnir grunnfjarskiptum á landsvísu auk þess að bjóða opið aðgangsnét fyrir alla þjónustuaðilana um ADSL og Ljósveitu. Sem samfélagslega ábyrgu fyrirtæki sæmir tekur Míla undir að bæta þurfi úr þeirri mismunun er varðar framtíðar fjarskiptamöguleika í þéttbýli og dreifbýli.

Í þéttbýli geta t.d. Míla og Gagnaveita Reykjavíkur boðið aðgangsnét á ljósleiðara og í tilfelli Mílu geta nú þegar tæplega 80% landsmanna tengst umfangsmikilli Ljósveitu Mílu. Mun Míla ljúka Ljósveituvæðingu sinni á öllum helstu þéttbýlisstöðum á landinu á næsta ári. Þá ættu yfir 90% landsmann að geta tengst neti sem býður í það minnsta 50 Mb/s flutningshraða. Míla áformar að auki að tvöfalda hraða á Ljósveitukerfi sínu á völdum stöðum á þessu ári. Það þýðir að hraði á heimilistengingum getur náð allt að 100 Mb/s, en bara í þéttbýli. Þróun á allt að 1Gb/s tengingum yfir koparlagnir er langt komin og ef spár ganga eftir má búast við að þær tengingar geti orðið að veruleika innan þriggja ára í þéttbýli.

Á meðan situr dreifbýlið eftir sem ekki er möguleiki á að bjóða Ljósveitu eða aðrar lausnir á markaðslegum forsendum þar. Þessi aukning á gagnahraða hjá þéttbýlinu mun auka þrýsting á Mílu og íslenska ríkið um úrlausnir fyrir dreifbýlið. Míla hefur áhuga á því að koma að lagningu ljósleiðara í sveitum en núverandi reglugerðarumhverfi og framkvæmd á úthlutunum úr jöfnunarsjóðum alþjónustu hvetur fyrirtækið ekki til slíkrar áhættufjárfestingar. Einnig er ljóst að slík fjárfesting er meiri en hægt er að endurheimta á líftíma eignanna með stofn- og afnotagjöldum á þeim svæðum sem slíkur markaðsbrestur er til staðar. Sum sveitarfélög hafa því farið út í að kosta slíkar lagnir sjálf en mikill munur er á fjárhagsstöðu sveitarfélaga og bolmagni til þess að gera þetta. Míla telur að koparkerfið geti uppfyllt þarfir í þéttbýli um ókominn ár. Sama staða er því miður ekki í dreifðum byggðum vegna fjarlægðar frá símsstöð eða götuskápum. Þar kæmi ljósleiðari eða þráðlausar lausnir helst til greina að mati Mílu.

Nokkur sveitarfélög hafa leitað til Mílu með hugmyndir um ljósleiðaralagnir og hafa óskað eftir aðkomu Mílu. Við útreikninga hefur Míla komist að þeirri niðurstöðu að markaðsbrestur sé undantekningarlaust í dreifbýli. Míla telur að heppilegast væri að koma á samfelldu ljósleiðarakerfi um allt land og þá með aðkomu ríkis og sveitarfélaga með einum eða öðrum hætti.

Ef um 6000 lögheimili/fyrirtæki eru í strjálbýli á öllu landinu og ef gert er ráð fyrir að fjárfesting á hvert heimili/dreifbýli sé frá 1 milljón upp í 3 þá myndi kosta frá 6-18 milljarða að ljósleiðaravæða allar sveitir landsins. Það segir sig því sjálft að fyrirtæki geta þetta ekki á markaðslegum forsendum. Sérstaklega á meðan ekki er hægt að tryggja endurgreiðslu eða að þessi aðgerð hafi ekki skaðleg áhrif á svæði þar sem Míla á í harðri samkeppni við fyrirtæki sem byggja upp eigin aðgangsnét á ódýrustu svæðum landsins, oft í skjóli fyrirtækja í einkaleyfisskyldum rekstri. Nokkur sveitarfélög hafa þegar ráðist í ljósleiðarauppbyggingu á sínum svæðum, Skeiða- og

Gnúpverjahreppur, Hvalfjarðarsveit, Skagabyggð svo nokkur dæmi séu nefnd. Þessi kerfi eru fjármögnuð af sveitarfélögum og orkufyrirtækjum en óvíst er hvernig rekstrarhæfið er samanber rekstur Gagnaveitu Skagafjarðar sem Míla yfirtók fyrir skömmu. Míla bendir á að það er ekki nóg að leggja ljósleiðara heldur þarf reksturinn að standa undir sér auk þess sem þekkingu og reynslu þarf til þess að standa að slíkum rekstri.

1.3. Staðan í Bretlandi

Í Bretlandi var farin sú leið að ríkið hefur komið að uppbyggingu bandbreiðra sambanda á svæðum þar sem markaðsbrestur telst vera til staðar. Þannig studdi breska ríkið ljósleiðaravæðingu í dreifðum byggðum með samþykki Evrópusambandsins. Framlög komu frá úr ríkissjóði Bretlands, sveitarsjóðum og sjóðum á vegum ESB. Þar var viðurkennt að markaðsbrestur væri mikill og ríkisstuðningur til uppbyggingar var samþykktur. Honum fylgdi að sjálfsgöðu strangar kvaðir um gagnsæi og jafnræði. Var til dæmis opnuð upplýsingasíða þar sem hægt var að fylgjast með verkefninu. Míla er tilbúin að opna á þá umræðu að þegar sé komið fordæmi fyrir verkefni af þessu tagi sem skoða megi og læra af og jafnvel taka til eftirbreytni. Með því væri markmiðið að koma Íslandi í fremstu röð í fjarskiptum í heiminum. Míla er reiðubúin að taka þátt í undirbúningi að slíku verkefni. Vel hugsanlega gæti slíkt verkefni verið samvinnuverkefni Mílu og annara veiturstofnana t.d. þegar raflínur eru lagðar í jörð. Einnig væri æskilegt að sveitarfélög komi að málinu til að liðka fyrir leyfisveitingum fyrir lagnir.

Míla er reiðubúin að nálgast það verkefni sem hér liggur fyrir með opnum huga en bendir á að þær kvaðir sem PFS hyggst leggja á fyrirtækið í skjalinu eru án lagastoðar þar sem umfang alþjónustu er skilgreint mun þrengra í fjarskiptalögum. Auk þess er um slíka fjárhagslegar stærðir að ræða að þær myndu teljast ósanngjörn byrði í skilningi þeirra laga og reglna sem gilda um alþjónustu. Verður ekki séð að fordæmi séu fyrir slíku annars staðar. Þá verður ekki séð að hvati til fjárfestingar sé neinn miðað við þær forsendur sem til staðar eru í umræðuskjali PFS.

Þá leggur Míla áherslu á að um heildstæða lausn á verkefninu verði að ræða. Míla er að sjálfsgöðu tilbúið til viðræðna við PFS um hugsanlegar útfærslur á þessu verkefni.

2. Spurningar PFS.

2.1 Svar við spurningu 1:

Ef átt er við nýjar kvaðir um ljóstengingar þá þurfa önnur lögmál að gilda um þátttöku alþjónustuveitanda í kostnaði. Það er gríðarlega mikill munur á því hvort um er að ræða kostnað að meðaltali eða kostnað við hverja einstaka tengingu. Í dag er ekki algengt að einstakur heimtaugarkostnaður sé hærri en 650.000 kr. Því hefur það ekki mikil áhrif á heildarkostnað kerfisins. Einnig er aðeins verið að vinna að eðlilegri endurnýjun lagna en það verkefni sem hér er



til umræðu er af allt annari stærðargráðu auk þess sem þetta eru lang dýrustu svæðin bæði í stofnkostnaði og rekstri.

Míla er sammála í sjálfu sér að hafa beri þau sjónarmið sem tilgreind eru í kaflanum til hliðsjónar með þeim fyrirvara að líta beri til alls málsins í samhengi.

Eins og dæmið í umræðuskjalinu er sett upp þá er þetta ósanngjörn fjárhagsleg byrði og það verður að verður að vera alveg tryggt fyrirfram að alþjónustuveitandi fái hana bætt.

Þá verður að hafa í huga áhrif af samkeppni annarra kerfa s.s. farneta (4G), gervitunglalausna osfrv. Kerfi sem nú þegar er búið leggja miklar fjárfestingar í.

Hámark þess sem Míla getur lagt út til þess að dæmið geti gengið upp er 100.000. kr. miðað við sama verð um allt land, núverandi WACC og 30 ára afskriftartíma. Þetta hafa útreikningar Mílu fyrir mismunandi sveitarfélög sýnt. Ef meðalverð er 500.000.- og sömu forsendur þá verður heimtaugin að kosta tæpar 5000.- kr. Ljóst er að stjórn fyrirtækisins getur aldrei samþykkt óarðbæra fjárfestingu upp á milljarða króna.

Miðað við núverandi útreikninga Mílu þá þyrfti núverandi koparheimtaug á þeim stöðum sem nú þegar er tap af að kosta a.m.k. 2.800 kr. í stað 959 kr. (hér er miðað við tölur 2012 í umsókn Mílu um framlag frá Alþjónustusjóði.) Míla er því nú þegar að tapa miklu á rekstri koparheimtauga í dreifbýli. Eins og PFS er kunnugt varð Míla að hækka verð almennt fyrir koparheimtaugar upp í 1.042 til þess að vega upp á móti tapinu í dreifbýli. Þannig er þéttbýlið að niðurgreiða dreifbýlið. Á móti væri hægt að lækka heimtaugagjald á samkeppnissvæðum og þannig gæti Míla tekið þátt í eðlilegri samkeppni þar.

2.2. Svar við spurningu 2:

Þau sjónarmið sem PFS fjallar um að þurfi að meta við útnefningu alþjónustuveitanda eru í sjálfu sér ekki óeðlileg. Hins vegar verður slík byrði sem PFS leggur til með 500.000. kr. framlagi alþjónustuveitanda til þess að slíkt leiðir til ósanngjarnar byrði og fær ekki staðist lög.

Að leggja svona viðamiklar kvaðir á einkafyrirtæki er ekki forsvaranlegt almennt. Eins og áður segir myndi stjórn fyrirtækis aldrei samþykkja svo gríðarlega fjárfestingu sem er augljóslega óarðbær.

Spurt er um aðra valkosti og telur Míla að líta megi til annarra valkosta en eingöngu ljósleiðara. Til dæmis má leysa hluta með Ljósveitu eða þráðlausum netum. Það fyrirtæki sem kæmi að



uppbyggingu þyrfti að fá ákveðið frelsi til að velja tæknilausnina, enda væri miklu eðlilegra að alþjónusta ætti frekar að snúa að þjónustu heldur en tæknilausnum.

Míla er að sjálfsögðu sammála um það sé eingöngu á svæðum þar sem markaðsbrestur er sem alþjónustuveitandi verður útnefndur.

2.3 Svar við spurningu 3:

Míla telur útnefningartímabil ekki óeðlilegt m.v. þær forsendur sem Míla vill leggja til grundvallar. Nauðsynlegt er að það verði stöðugleiki um ákveðinn tíma.

Að mati Mílu hefur Alþjónustusjóður ekki þjónað þeim tilgangi sem hann á að þjóna. Kröfur PFS um kostnaðargreiningu á hverja símsstöð hefur leitt til þess að torvelt hefur reynst að fá bætt tap sem alþjónustuveitandi hefur orðið fyrir.

Á grundvelli gildandi alþjónustukvaðar hefur koparinn víða verið endurnýjaður á landsbyggðinni. Míla hefur lagt í umtalsverðar fjárfestingar á sl. 20 árum og ef þarf að afskrifa það alveg vegna uppbyggingar ljósleiðaranets í strjálbýli þá fær Míla aldrei þá fjárfestingu til baka.

Þá er einnig dýrt að reka tvö kerfi og þarf að meta samspil afskriftartíma og þess tíma sem veittur er til að leggja niður kerfi til að taka upp nýtt kerfi (e. migration plan).

2.4 Svar við spurningu 4.

Míla er eins og áður segir sammála forsendu PFS að miðað skuli við svæði þar sem markaðsbrestur ríkir. Þá er Míla sammála því að högun kerfis er alfarið í höndum Mílu. Þá er Míla sammála því að ekki sé lögð kvöð á Mílu um endurnýjun úr kopar í ljós.

Míla telur að það sé grundvallarforsenda til þess að Míla geti endurnýjað aðgangsnét úr kopar yfir í ljós að Míla geti tekið koparinn strax úr notkun en þurfi ekki að reka tvöfalt kerfi með kopar og ljósi á meðan að 5 ára frestur samkvæmt kvöðum PFS rennur út. Við þessar yfirfærslu getur ekki gengið að verðkvöð færist yfir á ljósleiðaratenginguna eins og PFS virðist ætla. Þá telur Míla það grundvallarforsendu að aðrir aðilar (notendur eða opinberir aðilar) bæti Mílu þá fjárhagslegu byrði sem slík endurnýjun hefur í för með sér.

Míla getur verið sammála því sem fram kemur í 5.5.2. um nýlagningu.

Míla getur verið sammála því sem fram kemur í 5.5.3 um viðhald á heimtaugum, viðgerðir og bilanir.

Míla getur verið sammála 5.5.4 um endurnýjun heimtauga.

Míla bendir á að hámarksgjald í dag er um það bil 1.500 kr. að meðtöldum skiptum aðgangi. Míla telur að fyrirtækið geti ekki innheimt sama gjald og nú er tekið fyrir koparheimtaug þar sem hér er um mjög dýr svæði að ræða. Míla gerir ráð fyrir að leggja niður koparheimtaug ef Míla uppfærir í ljósheimtaug. Það er hins vegar ekki hægt nema að unnt sé að fá kostnað og eðlilega arðsemi af fjárfestingunni án þess að samkeppnissvæði niðurgreiði landsbyggðina í enn meiri mæli en nú er.

Míla tekur undir það sjónarmið að lækka þurfi kostnaðarhlutdeild netrekanda en að mati Mílu er tillaga PFS um 500.000 kr. kostnaðarþátttöku Mílu að meðaltali allt of há tala þegar um er að ræða endurnýjun á heilum svæðum þar sem endurnýja þarf tugi eða hundruði heimtauga. Þessi svæði kosta að meðaltali mun meira en 500.000 kr. pr heimtaug sem leiðir til þess að hlutdeild Mílu verður alltaf 500.000 kr. Ef gert er ráð fyrir að Míla myndi leggja ljós til 6 - 9000 heimila/fyrirtækja í strjálbýli gerir það 3-4,5 ma kr. Í umræðuskjalinu er þó nokkuð óljóst um hvaða fjölda heimila er verið að fjalla. Míla gefur sér að um sé að ræða 6-9.000 heimili.

Míla getur aldrei samþykkt að fjárhæð sé miðuð við meðaltal svæðis. Míla getur eingöngu ljáð máls á að um sé að ræða hverja einstaka heimtaug.

5.5.5.

Míla telur að það sé ekki forsvaranlegt að fyrirtækið taki á sig tap vegna óhagkvæms rekstrar annars aðila og eigi að dreifa þeim kostnaði á viðskiptavinum í gegnum heildsöluverðskrá sína. Auk þess er í þessu ófyrirsjáanlegur kostnaður vegna þess að Míla er mögulega að yfirtaka kerfi sem eru allt öðruvísi uppbyggð og rekin en þau kerfi sem Míla byggir upp. Miðað við þær forsendur sem lagt er upp með í þessum kafla getur Míla ekki talið þessa aðferð skynsamlega og yrði því að koma framlag úr Alþjónustusjóði

Mjólfjörður á Austfjörðum er dæmi um svæði sem mjög fáir búa (um 20 íbúar). Kostnaður við stofntengingu til svæðisins hleypur á tugum milljóna og þá er eftir að telja kostnað við heimtaugar. Ef veita á þessu svæði þjónustu með ljósleiðara þarf að koma til styrkur úr opinberum sjóðum.

Míla telur að skoða megi þá leið að alþjónustuveitandi leggi út tiltekna fjárhæð sem er mun lægri en þær 500.000 kr. sem nefndar hafa verið í umræðuskjalinu og afgangurinn verði fjármagnaður með öðrum leiðum. Um leið verði koparkerfið lagt niður og eftirstöðvar afskrifta af koparkerfinu færðar yfir á hið nýja aðgangsnét. Þannig sé tryggt að kostnaður Mílu við að viðhalda koparkerfinu á landsvísu á síðustu áratugum, í samræmi við kvaðir PFS, sé endurheimtur um leið

og hið nýja aðgangsnét er byggt upp. Einnig er mjög mikilvægt að tryggð sé kostnaður vegna alþjónustukvaðar komi ekki niður á samkeppnissvæðum.

1. Stofngjöld eru skynsamleg leið sem Míla hefur ljáð máls á hér að framan á markaðsbrestssvæðum. Míla bendir jafnframt að slíkt er ekki unnt á samkeppnissvæðum þar sem samkeppnisaðilar rukka ekki stofngjöld.
2. Skylda til þrautavara sem PFS leggur til þarf að meta í hverju tilviki fyrir sig.
3. Míla bendir á að ef verðkvöð færast yfir á ljósið þá fer allur hvati til fjárfestingar.

Míla bendir á að áhætta af fjárfestingu virðist öll lögð á alþjónustuveitanda (Mílu) í umræðuskjalinu. Sú staða getur komið upp að nýrri og hagkvæmari tækni komi í stað ljósleiðaratengingar eða fasttengingar áður en líftíma lýkur og þar með gæti Míla ekki endurheimt fjárfestingu sína.

Míla fagnar almennt tæknilegu hlutleysi. Þar sem það er ekki stefna Mílu að byggja upp þráðlaus net eins og t.d. 4G net verður PFS að skilgreina það vel fyrirfram hvaða svæði það eru sem teljast uppfylla alþjónustukvaðir hvað gæðakröfur varðar.

2.5 svar við spurningu 5.

Eins og áður hefur komið fram er Míla sammála því að aðeins beri að útnefna alþjónustuveitanda á stöðum þar sem markaðsbrestur er. Míla telur að tryggja verði að viðkomandi alþjónustuveitandi fái þá fjárfestingu til baka án þess að viðskiptavinir fyrirtækisins á samkeppnissvæðum greiði þann kostnað.

Míla hefur áhyggjur af því að þróunin verði sú að Míla sitji alltaf uppi með óhagkvæmustu svæðin og þurfi að deila kostnaði á sína viðskiptavinum á samkeppnissvæðum. Míla telur að dreifa verði kostnaði vegna uppbyggingar og þjónustu á markaðsbrestssvæðum á alla aðila á markaði og að sjálfsögðu hlýtur ríkið einnig að þurfa að standa straum af því að koma markmiðum sínum í framkvæmd. Þá ábyrgð er ekki hægt að leggja á einkafyrirtæki eingöngu.

5.7.1

Míla tekur fram að þótt koparnet Mílu sé ekki nýtt en þar með er ekki sagt að það sé í hættu á að eyðileggjast eða að ekki sé hægt að nota það um ókomin ár. Að mati Mílu er engin ástæða til þess að ráðast í stórfellda endurnýjun koparnetsins á næstu árum vegna aldurs. Hins vegar hentar koparkerfið síður í dreifbýli til að uppfylla þau markmið sem fjarskiptaáætlun Alþingis setur. Míla tekur undir að setja verði skýrar reglur um skiptingu kostnaðar ef fara á út í alsherjar ljósleiðaravæðingu sveita.

2.6 svar við spurningu 6:

Þær leiðir sem PFS telur upp eru nokkrar:

1. Núgildandi kostnaðarviðmið óbreytt. Míla telur að þessi viðmið geti ekki gilt áfram óbreytt þegar um er að ræða allsherjar endurnýjun á kerfi.

2. Norska leiðin.

Míla telur mögulega að norska leiðin sé fremur hugsuð sem viðbótarheimtaugar í núverandi koparkerfi en eigi verr við ef um allsherjar nýlagningar á kerfi er að ræða. Miðað við þær forsendur sem koma fram í umræðuskjali PFS þá virðist Mílu hún ekki eiga vel við.

3. Míla telur að þessa útfærslu megi skoða nánar en vekur athygli á að þessi útfærsla leggur alla áhættu á Mílu og úr því verður að bæta svo að leiðin geti talist þess verð að skoða betur. Míla bendir í því sambandi á að öll áhætta af því að kostnaður vegna heimtaugar verði hærri en áætlað var fellur öll á Mílu. Míla telur eðlilegt að markaðurinn eða ríkið með einhverjum hætti taki einnig fullan þátt í kostnaði og áhættu. Sem dæmi skýtur það skökku við að PFS telur eðlilegt að leggja kostnað á Mílu sem er margföld ársvelta Mílu en hámarks áhættu á markaðinn í heild sé 0,5% af veltu (sem Míla þarf einnig að taka þátt í sem fyrirtæki á markaði sem greiðir lögbundið framlag í alþjónustusjóð).

Míla mun aldrei ná inn fyrir útlögðum kostnaði nema að leggja álögur á þá viðskiptavinum sem þegar eru á kerfi Mílu og það er algjörlega óásættanlegt á meðan að samkeppnisaðilar fleyta rjómann á arðbærustu svæðunum án allra kvaða. Miðað við núverandi og fyrirhugaðar markaðsgreiningu PFS á viðkomandi mörkuðum er landið allt eitt markaðssvæði og afleiðingin er þá sú að verðkvaðir í alþjónustu myndu þá miðast við allt landið. Það er algjörlega óásættanlegt að mati Mílu.

4. Hugmyndir um aðrar leiðir. Míla telur að ræða megi aðra útfærslu á leið 3 með hæfilegu hámarksframlagi Mílu og að framlagið verði mun lægra en tillaga PFS í umræðuskjali þessu. Míla getur ekki samþykkt svo íþyngjandi álögur eins og gert er ráð fyrir enda rúmast þær ekki innan þess lagaramma sem alþjónustukvöðin hefur. Miðað við 500.000.- kr. framlag sem Mílu ber að leggja út samkvæmt tillögu PFS hér og því að miðað er við meðaltalskostnað á heimtaug þá er það gróft mat Mílu að kostnaður á fyrirtækið geti orðið meiri en 10 milljarðar kr. miðað við 20.000 heimtaugar. Hér er átt við ef PFS setur þær kröfur að lítil þéttbýlissvæði verði ljósleiðaravædd á sama hátt og hinar dreifðu byggðir í kring í stað þess að notaðar verði aðrar og hagkvæmari tæknilausnir. Til þess að ná inn fyrir kostnaði og eðlilegri arðsemi af slíkri fjárfestingu þyrfti heimtaugin að kosta milli 5 og 6.000 krónur á mánuði. Míla telur að PFS þurfi að láta fara fram ítarlega greiningu á þessum kostnaði áður en lengra er haldið. Míla telur því að forsenda þess að Míla myndi íhuga leið 3 er að ekki sé miðað við meðaltal heimtauga heldur kostnað vegna einstakrar heimtaugar og að fjárhæð framlags Mílu yrði verulega lækkað.

2.7 svar við spurningu 7.

Míla telur að þær forsendur sem liggja til grundvallar umsókn úr jöfnunarsjóði séu allt of flóknar og kostnaðarsamar fyrir umsækjanda. Míla telur að framlag úr alþjónustusjóði verði að vera háð skýrum og fyrirsjáanlegum reglum sem tryggi alþjónustuveitanda bætur fyrir það tap sem hann verður fyrir vegna kvaðarinnar. Svo er ekki í dag. Þá er ljóst að miðað við þær forsendur að alþjónustusjóður leggi aldrei þyngri byrðar á markaðinn en 0.5 prósent af heildarveltu þá getur jöfnunarsjóður ekki staðið undir þeim uppbyggingarmarkmiðum sem sett hafa verið í fjarskiptaáætlun.

3. Viðauki 1:

3.0 Inngangur:

Míla telur að fyrirhuguð svæðisskipting PFS gangi ekki upp miðað við markaðsaðstæður í dag. Slík skipting gæti eingöngu gengið upp ef enginn samkeppnissvæði væru inni í myndinni. Miðað við raunverulegar aðstæður þá gengur það ekki upp að viðskiptavinir Mílu á samkeppnissvæðum greiði niður óarðbær svæði meira en þegar er raunin. Eins og Míla hefur ítrekað komið á framfæri þá hamlar þetta Mílu í samkeppni.

3.1 Svar við spurningu 1:

Míla telur það eðlilegt að það sé settur hámarkskostnaður. Eins og fram hefur komið telur Míla að þessi viðmiðunarfjárhæð sem sett er í umræðuskjalinu sé allt of há. Gróft metið yrði leiguverð að vera a.m.k. milli 5 og 6000 kr. miðað við kostnaðarhlutdeild Mílu. Við lagningu ljósleiðara myndi Míla leggja niður koparkerfi sem þýðir að þessar heimtaugar yrðu undir verðkvöð sem þýðir sama verð fyrir allt land miðað við áformaðar kvaðir PFS á markaði 4. Míla telur eðlilegt að sanngjörn kostnaðarþáttaka Mílu gæti verið um 100.000 kr. á hverja heimtaug. Þá er gert ráð fyrir að koparheimtaugakerfi Mílu verði lagt niður og verðskrá fyrir ljós verði háð verðkvöðum eins og PFS hefur boðað. Míla telur óásættanlegt að Míla þurfi að hækka almennt gjaldskrá vegna þessarar byrðar. Míla telur að allt umfram 100.000 kr. teljist ósanngjörn byrði í skilning 1. mgr. 21. gr. fjarskiptalaga. Míla hefur ekki forsendur á þessari stundu til að taka afstöðu til uppskiptingar m.v. mörk sveitarfélaga.

3.2 Svar við spurningu 2:

Míla telur að þessi viðmiðunarmörk dugi ekki til svo að unnt sé að reka þetta kerfi þannig að það standi undir sér.

3.3 Svar við spurningu 3:

Míla fær ekki séð margar aðrar leiðir í stöðunni nema að ríkið ákvæði að greiða fyrir þessi svæði.

3.4 Svar við spurningu 4:

Míla telur að tryggja verði að raunverð heimtaugar verði greitt þannig að Míla geti fengið fjárfestingu sína til baka þannig að fyrirtækið beri ekki ósanngjarna byrði í andstöðu við ákvæði fjarskiptalaga um alþjónustu. Míla bendir hins vegar á að PFS telur 0,5% framlagi markaðar í jöfnunarsjóð vera íþyngjandi en telur á sama tíma að það sé sanngjarnt að Míla beri kostnað sem nemur margfaldri ársveltu fyrirtækisins. Míla telur augljóst að um ósanngjarna byrði er að ræða í andstöðu við ákvæði laga um alþjónustu.



Míla er almennt ósammála þeirri aðferðarfræði PFS að miða við meðaltalskostnað. Við telur hins vegar að rétt sé að sleppa mjög dýrum tengingum en fjárhæðarmörk þurfi að skoða betur.

4. Lokaorð:

Míla setur þann fyrirvara að þau sjónarmið sem fram koma eru sett í trausti þess að hér sé eingöngu um umræðuskjal að ræða og að ekki megi byggja á þeim neins konar samþykki fyrirtækisins varðandi mögulegar alþjónustukvaðir. Míla bendir jafnframt á að samkvæmt lögmætisreglu stjórnsýslulaga verður íþyngjandi ákvörðun ekki tekin nema á grundvelli lagastoðar. Ljóst er að PFS skortir lagastoð til þess að leggja á alþjónustuveitanda þær kvaðir sem fjallað er um í skjali þessu eins og áður hefur verið bent á í inngangi Mílu í kafla 1 hér að framan.

Míla tekur fram að fyrirtækið er að sjálfsögðu tilbúið til viðræðna við PFS um mál þetta til þess að skýra sjónarmið þess.